

Nd.

278. Frumvarp til laga

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Sérhver farþegi eða starfsmaður á skipi, sem siglir í íslenskri landhelgi, skal afhenda skipstjóra, þegar er hann er kominn á skip eða er skip siglir inn í íslenska landhelgi ljósmyndavélar, er hann kann að hafa í vörzlu sinni, og skal skipstjóri geyma þær, þar til aðili stígur af skipsfjöln eða skip siglir út úr landhelgi Íslands.

2. gr.

Inn á svæði þau, sem greind eru eða verða í auglýsingu þar um, má enginn fara með ljósmyndavél, nema hún hafi verið innsiglið tryggilega af réttu stjórnvaldi.

3. gr.

Bannað er án leyfis réttra aðila að taka ljósmyndir af herstöðvum eða hertækjum, svo sem flugvöllum, fallbyssustæðum, loftvarnastöðvum, strandvarnafallbyssustöðvum, höfnum eða skipalægjum eða loftskæptastöðvum á öllum þeim svæðum, sem bannað er þegar eða bannað kann að verða að taka ljósmyndir.

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, sbr. 2. gr., þá varðar það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrir mælum laga þessara, má gera upptækar með dómi.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta á, ef það verður að lögum, að bæta úr vöntun ákvæða um þau efni, sem þar greinir og ástand það, sem nú ríkir í landinu, gerir nauðsynlegt að bæta úr.